



Kennari/ar: Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Skammstöfun: TDT

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga öðlast nemendur þekkingu á helstu atburðum fornaldar og miðalda sem snúa að móttun vestræns samfélags frá landbúnaðarbyltingunni fram til landafundanna. Munu nemendur kynna helstu menningarsamfélögum í Evrópu og þeim breytingum sem áttu sér stað. Einnig munu nemendur kynna sér daglegt líf fólks í Róm og á Grikklandi. Unnið verður með frumheimildir en einnig munu nemendur vinna heimildaverkefni. Lagt er áherslu á að nemendur öðlist ekki eingöngu þekkingu á viðfangsefninu heldur einnig skilning á því. Rætt verður um gildi heimilda og hvernig ber að nálgast heimildir.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Völdum þáttum úr sögu mannkyns á fornöld og fram yfir miðaldir.
- Algengum hugtökum sem höfð eru um fyrirbæri sögunnar
- Tegundum heimilda og helstu vinnubrögðum við heimildaleit og heimildanotkun
- Tengslum fortíðar og nútíðar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa einfalda sagnfræðilega texta á íslensku
- Tengja samtíðaratburði við það sem áður hefur gerst
- Nota a.m.k. tvær mismunandi gerðir heimilda við verkefnavinnu
- Taka saman skriflega stutta umfjöllun um afmarkað sögulegt efni og kynna fyrir jafningjum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja sjálfan sig í samhengi sögunnar sem þátttakandi og skoðandi
- Geta sett sig í spor fólks á öðrum tímum
- Geta tekið þátt í skoðanaskiptum og rökræðum meðal jafningja um sagnfræðileg efni sem tekin eru fyrir í áfanganum.

Til grundvallar liggja eftirfarandi efnisflokkar:

- Notkun og öflun heimilda.
- Upphaf vestrænar menningar
- Fornir menningarheimar
- Miðaldir

- Endurreisn/landafundir/siðskipti (skoðaðar helstu breytingar sem urðu í heiminum um 1500)

Markvisst er unnið að því að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundum heimilda og þjálfna þá í notkun þeirra og framsetningu efnis. Lögð er áhersla á að sýna fram á hvernig sagan birtist nemendum í nútímanum.

Saga fornaldar og miðalda gefur nemendum tækifæri að kynna sér líf og starf almennings á mismunandi tímum og að setja sig í spor þeirra.

Yfirferð

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni og próf
1 (15. – 19. ágú)	Kynning á áfanga	
2 (22. – 26. ágú)	1. Landbúnaðarbyltingin og fljótsdalamenningar 2. Egyptaland	
3 (29. ágú – 2. sep)	3. Fljótsdalamenning – tækni og trú	Míkróverkefni: Gilgameskviða
4 (5. – 9. sep)	4. Upphaf grískrar menningar 5. Grískir stjórnhættir	
5 (12. – 16. sep)	6. Goðheimar og heimspeki 7. Listir, leikir og hellenismi	
6 (19. – 23. sep)	Prófavika	Próf 1 Skilaverkefni
7 (26. – 30. sep)	8. Róm verður til 9. Róm á lýðveldistíma	
8 (3. – 7. okt)	Verkefnavika	Míkróverkefni: Daglegt líf í Róm Skilaverkefni: Daglegt líf í Róm
9 (10. – 14. okt)	10. Róm á keisartímanum 11. Upphaf kristni	
10 (17. – 21. okt)	Verkefnavika	Heimildaverkefni
11 (24. – 28. okt)	12. Þjóðflutningar og islam 13. Lénsskipulag og krossferðir	
12 (31. okt – 4. nóv)	Skilaverkefni	Umsátur Assera um Jerúsalem
13 (7.– 11. nóv)	14. Endurreisn og húanismi 15. Landafundir og vísindabyltingin	
14 (14. – 18. nóv)	Prófavika	Próf 2
15 (21. – 25. nóv)	Munnleg próf	Munnlegt próf
16 (28 nóv. – 2. des)	Skilaverkefni	
17 (5. – 6. des)	Lok áfanga og skrap	

Námsefni:

Kennslubók: *Fornir tímar*. Verkefni og glærur á Innu auk ítarefnis frá kennara.

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Litið er á vanskil verkefna sem yfirlýsingu um að nemandinn ætli ekki að gera verkefnið. Nemendur fæddir 2003 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama gildir um nemendur með opið vottorð. Þátttaka í tímum og skil á verkefnum er forsenda þess að standast áfangann.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Próf	Hlutapróf yfir önnina.	30%
Skilamappa	Spurningar og verkefni upp úr bókinni	25%
Verkefni	Skilaverkefni	25%
Heimildaverkefni	Heimildaverkefni	10%
Flipp	Flipp	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 3. Jan 2023 Lárus Ágúst Bragason